

FULLTRÚARÁÐSFUNDUR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Fimmtudaginn 4. apríl 2019 kl. 19:30 var haldinn fulltrúaráðsfundur Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru:

Anna Guðný Jónsdóttir chihuahuaeild, Arnheiður Runólfsdóttir, Auður Sif Sigurgeirsdóttir stjórn HRFÍ, Elín Gestsdóttir írsk setterdeild, Gerður Steinarsdóttir cavalierdeild, Guðbjörg Jensdóttir chihuahuaeild, Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ, Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir mjóhundadeild, Heiðar Sveinsson retrieverdeild, Helga Andrésdóttir, Helga Þórðardóttir shih tzudeild, Herdís Hallmarsdóttir stjórn HRFÍ, Hjördís Braga Sigurðardóttir spanieldeild, Inga Fanney Egilsdóttir yorkshire terrierdeild, Kristín Elíza Guðmundsdóttir vísindanefnd, Kristjana Bergsteinsdóttir schaferdeild, Pétur Alan Guðmundsson stjórn HRFÍ og Sólheimakotsnefnd, Stefanía Björgvinsdóttir íþróttadeild, Stefanía H. Sigurðardóttir grefil- og sporhundadeild og vinnuhundadeild, Stefanía Sigurðardóttir, Steinunn Rán Helgadóttir cavalierdeild, Sunna B. Helgadóttir retrieverdeild, Svava Björk Ásgeirsdóttir fjár- og hjarðhundadeild og ritnefnd, Þ. Haukur Reynisson, Þorsteinn Thorsteinson stjórn HRFÍ og sýningastjórn.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

Dagskrá:

Herdís Hallmarsdóttir bauð fólk velkomið á fundinn sem var upplýsingafundur, efni hans var fjárhagsáætlun HRFÍ næsta árið og fulltrúar nefnda gerðu grein fyrir starfi nefndanna.

1. Drög að fjárhagsáætlun HRFÍ

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ kynnti drög að fjárhagsáætlun sem og stöðu félagsins. Hún upplýsti að afkoma þessa ár yrði jákvæð. Útgjöld hafa hækkað sem skýrist af verðbólguþróun en tekjuhlíðin hefur hækkað líka.

Árið 2018 var einni hundasýningu meira en árið 2017 og sést það bæði á tekjum og kostnaði og er gert ráð fyrir svipuðum kostnaðarliðum í ár og á síðasta ári. Með upptöku á danska tölvukerfinu bættust við leyfisgjöld til DKK en HRFÍ borgar sama gjald fyrir hvern hund og klúbbar innan DKK borga. Þessi liður mun bætast við sýningarkostnað.

Guðný birti ekki ákveðnar tölur þar sem reikningur félagsins fyrir síðasta ár er nýáfgreiddur frá bókara félagsins til endurskoðenda og verður kynntur vel á aðalfundi félagsins í maí. Félagið á talsvert af óráðstöfuðu eigin fé sem mun nýtast ef ráðist verður í einhverskonar fjárfestingar.

Íþróttadeild hefur séð um sjoppuna á hundasýningum, þetta er fjáröflun deildarinnar sem hefur skilað vel og mun það fjármagn verða innspýting í starf íþróttadeildarinnar.

2. Skýrslur fastanefnda

Vísindanefnd

Kristín Elíza Guðmundsdóttir kynnti starf vísindanefndar en hún er sjálf líffræðingur og hundaræktandi. Auk hennar starfa í nefndinni Erla Heiðrún Benediktsdóttir líffræðingur og hundaræktandi, Klara símonardóttir hundaræktandi, Silja Unnarsdóttir dýralæknir og Unnur Olga Ingvarsdóttir dýralæknir.

Vísindanefnd tók fyrir 5 mál á síðasta ári, 3 frá deildunum sjálfum og 2 frá félagsmönnum og nefndin hefur afgreitt öll sín mál beint til stjórnar félagsins og hefur skilað af sér álit á öllum þessum málum. Ein beiðnin var um að auka við ræktunarkröfur og tvær fólu í sér að draga úr kröfum. Ein beiðni var um undanþágu frá ræktunarreglum og ein snérist að stórrí lagabreytingu.

Spurt var hve langan tíma taki að afgreiða beiðnir og Kristín sagði það mjög misjafnt eftir umfangi, getur tekið frá nokkrum dögum og upp í nokkrar vikur. Í mörgum tilvikum hefur þurft að biðja um auka gögn og eða rökstuðning hefur vantað eða töluleg gögn til stuðnings.

Sýninganefnd og sýningastjórn

Guðný Isaksen og Þorsteinn Thorsteinson kynntu starf sýninganefndar og sýningastjórnar.

Í sýninganefnd starfa Erna Sigríður Ómarsdóttir, G. Magnea Friðriksdóttir, Guðný Rut Isaksen, Kristjana Bergsteinsdóttir, Lilja Dóra Halldórsdóttir, Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir, Sigurbjörg Vignisdóttir, Sóley Halla Möller, Sigurlaug Rósa Dal Christiansen, Vordís Sigurbórsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson.

Innan nefndarinnar er sýningastjórn sem sér til þess að sýningar fari fram samkvæmt sýningarreglum og leysir mál eða deilur sem kunna að koma upp á hundasýningum. Í sýningastjórn eru nú skipuð Erna, Lilja Dóra og Þorsteinn.

Sýninganefnd fundaði reglulega yfir starfsárið og þess á milli voru mál rædd í lokuðum facebook hópi. Á starfsárinu voru fjórar stórar sýningahelgar, 2 tvöfaldar útisýningar á Víðistaðatúni í Hafnarfirði, í júní og ágúst, Winter Wonderland sýning í reiðhöll Fáks í Víðidal í nóvember og Norðurljósasýning í reiðhöll Fáks í febrúar á þessu ári.

Það var stór breyting að fara úr einni tvöfaldri sýningu í tvær og eins og áður var mjög snúið að manna sýningahringi, sérstaklega á tvöföldu sýningunum. Mjög misjafnt var einnig hve mannskapur deildanna skilaði sér í aðra vinnu við sýningarnar.

Ekki var hægt að halda útisýningu í Víðidal í júní 2018 vegna Landsmóts hestamanna en félagið fékk Víðistaðatún á leigu frá Hafnarfjarðarbæ og verða útisýningarnar 2019 aftur á því túni. Félagið lenti aftur í vanda með staðsetningu febrúarsýningarinnar í ár en fékk inni í reiðhöll Fáks og í kjölfarið var ákveðið að sleppa sérstökum hvolpasýningum og hafa hvolpanna inni á sýningunni, með eldri hundum, eins og áður tíðkaðist. Þessi breyting felur í sér að lágmarksaldur hvolpa verður 4 mánaða eins og áður var. Ákveðið hefur verið að halda þessu fyrirkomulagi um sinn og ekki hafa verið auglýstar sérstakar hvolpasýningar í ár eða 2020.

Í ár var í fyrsta sinn hægt að skrá á hundasýningar gegnum danska tölvukerfið, hundeweb.dk. Á sýningunni í febrúar var einnig hægt að nota úrslitakerfið í fyrsta skipti og því hægt að birta niðurstöður úr úrslitum strax og þau voru tilkynnt.

Haldið var hringstjóranámskeið í ágúst, nokkrir þátttakendur hafa tekið skriflegt próf og sumir unnið í hring á sýningum sem hringstjóranemar, ritarar og aðstoðarritarar.

Sýningastjórn fundaði nokkrum sinnum á árinu en flest mál hafa verið afgreidd á lokuðum facebook hópi. Samþykktar voru deildarsýningar schäferdeildar og fjár- og hjarðhundadeildar sem báðar voru haldnar í október 2018. Búið er að samþykkja deildarsýningar fyrir árið 2019 hjá schnauzerdeild, deild íslenska fjárhundsins og retrieverdeild.

Sýningareglum varðandi ungvíða- og hvolpaflokka var breytt, í dag eru gefnar einkunnir í hvolpaflokkum, líkt og tíðkast í flestum FCI félögum. Reglunum var breytt í samræmi við reglur DKK vegna upptöku danska kerfisins.

Þrjú kærumál bárust til sýningastjórnar yfir starfsárið. Tvö voru afgreidd af sýningastjórn en eitt var sent áfram til stjórnar HRFÍ til úrskurðar þar sem ekki tókst að afgreiða það innan tilskilins tímafrests.

Ræktunar- og staðlanefnd

Herdís Hallmarsdóttir kynnti starf ræktunar- og staðlanefndar. Í nefndinni eru auk Herdísar, Anna D. Hermannsdóttir, Brynja Tomer, Erna Sigríður Ómarsdóttir, Klara Símonardóttir og Lilja Dóra Halldórsdóttir.

Nefndin vinnur að uppfærslu reglugerðar um skráningu í ættbók, vinna að almennum hluta reglnanna er langt komin og verður í framhaldinu send til stjórnar félagsins. FCI setti ný lög á árinu og unnið er í samræmi við þau auk reglur hinna Norðurlandanna. Stefnt er að því að halda almennan félagsfund til að kynna reglurnar og í framhaldi þess verður farið yfir kafla um ræktunarskilyrði, þar verður horft til Norðurlandanna og upprunalands hverrar tegundar. Þegar tillögur þar hafa verið settar upp verða þær sendar til vísindanefndar og til hverrar deildar fyrir sig og svo til stjórnar.

Í ljós hefur komið að grundvallarreglur félagsins þarfnast einnig endurskoðunar og nefndin hefur sömuleiðis hug á að félagið setji sér ræktunarstefnu, rétt eins og hin Norðurlöndin hafa gert. Þetta yrðu ekki reglur heldur ræktunarstefna fyrir félagið.

Spurt var út í dýraverndunarlögin og Herdís sagði að reglurnar þyrftu að sjálfsögðu að vera í samræmi við þau. Einnig var spurt út í heilbrigðiskröfur og hvort þær gætu breyst og Herdís sagði að tillögur yrðu mótaðar og unnar í samvinnu við deildirnar og einstakar tegundir. Hún upplýsti einnig að í Svíþjóð og Danmörku væri tilhneigingin sú að aflétta kröfum um augnskoðanir þegar ekki væru þekktir sjúkdómar í tegundinni en þetta yrði allt að vinna lýðræðislega og í samvinnu við alla sem koma að málinu.

Ritnefnd

Svava Björk Ásgeirsdóttir ritstjóri Sáms upplýsti um starf ritnefndar en auk hennar eru nú í nefndinni Alexandra Björg Eyþórsdóttir, Anja Björg Kristinsdóttir, Ásta María Karlsdóttir, Bjarnheiður

Erlendsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Inga Björg Gunnarsdóttir, Hafdís Jóna Þórarinsdóttir, Linda Björg Jónsdóttir, Sunna Birna Helgadóttir, Sunna Dís Jensdóttir, Sigrún Gulludóttir og Silja Unnarsdóttir.

Unnið er að einu blaði í einu, í næsta blaði verður t.d. fjallað um sögu félagsins því það er afmælisár. Í blaðinu verður veiðipema, fjallað um andlega örvun og verið er að festa ákveðna þætti inni s.s. bókahorn og dýralæknisdálk. Engar stórar breytingar hafa verið en umræður hafa verið um dómarviðtölin og það pláss sem þau taka. Reynt er að horfa til hins almenna hundaeigenda, færri og færri kjósa að vera í félögum og taka þátt í hundasýningum og þá er eðlilegt að hundaræktarfélög sinni einnig hinum almenna hundaeigenda. Hún upplýsti einnig að öll bókasöfn landsins fái nú send eintök af Sámi og blaðið nái þannig til stærri hóps lesenda.

Sólheimakotsnefnd

Pétur Alan Guðmundsson upplýsti um starf Sólheimakotsnefndar en auk hans starfa í nefndinni Guðbjörg Guðmundsdóttir, Atli Ómarsson, Kristján Smáráson og Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir.

Pétur upplýsti að Hundaræktarfélagið fengi Sólheimakot einungis lánað frá Mosfellsbæ eitt ár í senn. Léleg þátttaka hefur verið í starfinu og kotið er að drabbast niður. Umgengni hefur ekki verið nægjanlega góð en hún er mjög misjöfn milli deilda. Reglulega hefur þurft að skipta um vatnsdælu í kotinu og félagið hefur einnig nýtt Sólheimakot sem geymslu.

Deildirnar geta bókað kotið á netinu. Góðar fréttir eru að ekki hefur verið brotist inn í Sólheimakot síðan fangelsið á Hólmsheiði opnaði.

3. Önnur mál

Herdís upplýsti að aðalfundur HRFÍ yrði miðvikudaginn 15. maí n.k. og yrði auglýstur fljótlega.

Stefanía Björgvinsdóttir, íþróttadeild og starfsmaður skrifstofu, benti á að skrifstofan hafi útbúið ný eyðublöð og bendir deildum á að uppfæra eyðublöð á heimasíðum sínum og beina á heimasíðu félagsins.

Helga Andrésdóttir DÍF spyr hvort skrifstofa geti gefið upp nafn á eigendum hunda? Herdís upplýsir að vinnsla persónuupplýsinga sé háð samþykki. Upplýsingar um dýr séu ekki persónuupplýsingar en til að birta nafn eigenda þurfi samþykki. Ættbók hunda er eign félagsins en eigandi getur látið afmá sitt nafn. Stefanía Sigurðardóttir DÍF, segir deildina oft fá spurningar um eigendur hunda og að þær bendi oft á ræktendur hundanna.

Stefanía H. Sigurðardóttir bendir skrifstofu á að það megi bæta spora- og vinnuprófum inn á viðburðadagatal félagsins.

Elín Gestsdóttir írsk setter deild spyr út í áhættumatið sem nú er í vinnslu og Herdís upplýsti að það sé í firlestri í ráðuneytinu.

Fundi slitið 21:00